



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu: Undirbúningur velferðarstefnu

Lagt er til að undirbúningur að heildstæðri stefnu í velferðarmálum verði hafinn á velferðarsviði. Stýrihópur verði stofnaður sem leiði stefnumótunina, í honum eigi sæti tveir fulltrúar úr velferðarráði, sviðsstjóri velferðarsviðs, einn til tveir stjórnendur auk fulltrúa notenda og starfsmanna. Sérstakur verkefnastjóri/ráðgjafi vinni með stýrihópnum. Samhliða verði undirhópur stofnaður, undir stjórn sviðsstjóra velferðarsviðs, í nánú samráði við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva, Barnavernd Reykjavíkur, þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, notenda og starfsfólks, til að endurskoða skipulag þjónustumiðstöðva og skrifstofu sviðsins.

### Greinargerð:

Velferðarráð hefur mótað stefnu á fjölmörgum sviðum á undanförunum árum, s.s. stefnu í málefnum eldri borgara, stefnu í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum, stefnu í málefnum heimilislausra, velferðartæknistefnu o.s.frv. Þá er einnig fjöldi stefna Reykjavíkurborgar sem velferðarsvið vinnur eftir, s.s. þjónustustefna, upplýsingastefna, matarstefna, mannréttindastefna o.s.frv. Heildstæð velferðarstefna hefur hinsvegar ekki verið mótuð hjá Reykjavíkurborg en markmið slíkrar stefnumótunar er að ná fram heildarmynd af þeim mismunandi málaflokkum sem undir sviðið heyra, forgangsraða verkefnum og skipuleggja starfsemina þannig að stefna sviðsins, gildi og leiðarljós í þjónustuveitingu verði ávallt í forgrunni.

Áskoranir í velferðarþjónustu á 21. öldinni eru margar og mikilvægt að þær séu ávarpaðar í heildstæðri velferðarstefnu. Breytingar í samfélaginu og auknar kröfur til þjónustu kalla á sífellda endurskoðun á verklagi hjá stofnunum sviðsins. Sjálfsögð krafa um notendasamráð á öllum stigum kallar á grundvallarbreytingar í samskiptum, viðmóti og samráði við notendur og aðstandendur þeirra. Ákall er um breyttar vinnuaðferðir í takt við nýjustu tækni og þekkingu og er það mikilvægur þáttur í allri endurskipulagningu. Breyttar kröfur til þjónustu kalla á breytt vinnulag og starfsþróun á sviðinu þarf að taka mið af því.

Stefnumótunin mun felast í samhæfingu gildandi stefnumótunar eins og kostur er, raunhæfri markmiðasetningu og setningu verk- og tímaáætlunar til 5-10 ára. Verklag notendasamráðs verður fest í sessi og skipulag á þjónustu sviðsins endurskoðað með það að leiðarljósi ná heildstæðri sýn á málefni fjölskyldna og missa ekki tengsl við nærumhverfið. Þjónustumiðstöðvar, fjöldi þeirra, kjarnastarfsemi og staðsetning verða tekin til endurskoðunar sem og samspil þeirra við Barnavernd og skrifstofu sviðsins til að tryggja flæði þekkingar og verklags. Þá verður í sama augnamiði unnið áfram að auknu samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.

Stýrihópur, undir stjórn formanns velferðarráðs, mun leiða stefnumótunina eins og að framan er getið með aðstoð verkefnisstjóra/ráðgjafa. Undirhópur sviðsstjóra mun endurskoða skipulag þjónustumiðstöðva og skrifstofu sviðsins. Leitast verður við að ná til sem flestra starfsmanna og fulltrúa notenda við stefnumótunina og notast við þjóðfundarfyrirkomulag, rafrænar kannanir o.s.frv. í því skyni.

Tillagan hefur verið jafnréttisskimuð og ekki er talin ástæða til framkvæmdar jafnréttismats.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, *dags. 12.09.2019*